

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Pálinu G. Þórarinsdóttur og Benedikts H. Sigmundssonar“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 14. ágúst 1934. Skipulagsskráin er þannig: 93
14. ágúst

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Pálinu G. Þórarinsdóttur og Benedikts H. Sigmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjafabréfi, dags. 4. júní 1934, af Ingibjörgu Benediktsdóttur, dóttur og stjúpdóttur ofangreindra hjóna, til styrktar fátækum, efnilegum nemendum, við Tónlistarskólann í Reykjavík.

Nafn sjóðsins skal vera „Minningarsjóður Pálinu G. Þórarinsdóttur og Benedikts H. Sigmundssonar“.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00, samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 7. febr. þ. á., af Andrési G. Þormar, tryggt með 2. veðrætti í húseigninni nr. 114 við Hringbraut hér í bæ, og á það að greiðast að fullu á árunum 1934—1942, með 6% ársvöxtum eftir á.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka, en — að dómi skólastjórnar Tónlistarskólans — efnilega nemendur við þann skóla til tónlistarnáms, eftir nánari ákvæðum gjafabréfsins og skipulagsskrár þessarar. Styrkurinn á fyrst og fremst að ganga til greiðslu skólagjalds við skólann, en að því greiddu, vera til frjálsra afnota fyrir styrkþega. Þar til sjóðurinn er orðinn kr. 50.000.00, má árlegur styrkur til eins nemanda eigi fara fram úr kr. 250.00. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50.000.00, má árlegur styrkur til eins nemanda verða allt að kr. 500.00 og þegar hann er orðinn kr. 100.000.00 kr. 1000.00, en aldrei hærri. Nemendur úr Hafnarfirði ganga fyrir til styrks, að öðru jöfnu.

Þegar útborgaðir vextir samkvæmt því, er segir hér á eftir, eru orðnir kr. 10.000.00 eða meira á ári, má verja því af þeim, er eigi kynni að ganga til nemenda samkvæmt ofanrituðu, til styrktar tónlistinni í landinu á annan hátt, samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

4. gr.

Vextir af sjóðnum skulu lagðir við höfuðstól í næstu 10 ár, frá 4. júní 1934 að telja. Frá þeim tíma, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 100.000.00, má verja $\frac{1}{2}$ vöxtunum til styrkveitinga samkvæmt framansögðu. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100.000.00 og úr því, má verja allt að $\frac{3}{5}$ af vöxtunum til styrkveitingar.

93

14. ágúst

Verði skóli sá, er nú starfar hér í bænum lagður niður, eða annar skóli stofnaður í hans stað eða jafnframt honum, sem styrktur verður af ríkinu, skal sjóðurinn renna til þess skóla, með sömu skilmálum og að ofan greinir. En verði Tónlistarskólinn lagður niður og komi enginn skóli í stað hans, er ríkisstyrks nýtur, skal vöxtunum af honum samkvæmt ofanrituðu varið til styrktar fátækum og efnilegum tónlistarnemendum til náms, hérlandis eða erlendis, eftir nánari ákvæðum kennslumálaráðuneytis Íslands.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, eftir því sem skuldabréfið innheimtist og úr því.

6. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa skrifstofustjórinn í kennslumálaráðuneytinu, skólastjóri Tónlistarskólans, eða þess skóla er taka kynni við sjóðnum af honum, og formaður Söfnunarsjóðs Íslands. Verði Tónlistarskólinn lagður niður, án þess að nokkur skóli taki við af honum, er geti tekið við sjóðnum samkvæmt framanrituðu, skal í stað skólastjórans koma maður í stjórnina, er hún sjálf velur, áður en hann lætur af stjórn sjóðsins. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum, hún ræður styrkveitingum úr sjóðnum, innan þeirra takmarka, er getur í skipulagsskrá þessari, en farið skal eftir tillögum stjórnar skólans svo sem unnt er eftir atvikum.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. júní 1934.

Ingibjörg Benediktsdóttir.

94

17. ágúst

SAMÞYKKT

um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá verzlunar- og iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum í Reykjavík..

1. gr.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 60 frá 19. júní 1933, um viðauka við lög nr. 79 14. nóvember 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, skal vinnutími sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum í Reykjavík, eigi vera lengri á degi hverjum en hér segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12—14 ára 8 klukkustundir.

— — — — — 14 — og eldri 9½ —